

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Forsætisráðuneytið
b.t. Skrifstofu jafnréttismála
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg
101 Reykjavík

Reykjavík 15. júlí 2019

1907012SA KB/agb
Málalykill: 14.30

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir árin 2020-2023, mál nr. S-152/2019 í samráðsgátt

Í tillögunni eru lagðar til 24 aðgerðir undir sex efnisflokkum:

- A. Stjórnsýslan
- B. Vinnumarkaður – Launajafnrétti kynja
- C. Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi
- D. Jafnrétti, menntun og menning, íþróttar- og æskulýðsstarf
- E. Karlar og jafnrétti
- G. Alþjóðastarf.

Hér að neðan eru athugasemdir sambandsins settar fram eftir þeirri kaflaskiptingu.

A. Stjórnsýslan

Sambandið fagnar 7. lið þessa kafla um að meta skuli jafnréttisáhrif aðgerða í byggðaáætlun og úthlutana til byggðamála. Sambandið telur á sama hátt rök til að meta jafnréttisáhrif verkefna sem hafa hlotið styrki úr Jafnréttissjóði Íslands, sbr. 1. lið kaflans. Það telur of veikt til orða tekið að nefna í tillögunni að gera eigi samantekt á verkefnum, án þess að skýrt sé að fram eigi að fara mat á því hvort markmið sjóðsins um aukið jafnrétti hafi náðst með verkefnum.

Aðrar tillögur í þessum kafla snúa að því að efla og styðja við jafnréttisstarf ráðuneyta og ríkisstofnana. Samkvæmt 2. lið á að verja 40 milljónum kr. af fjárlögum til jafnréttisverkefna á vegum ráðuneyta á tímabili áætlunarinnar og samkvæmt liðum 5 og 6 á að fara í átak til að vinna að samþættingu og kynjaðri hagstjórn og fjárlagagerð. Með vísun til þess að ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti notið góðs af þessum aðgerðum, er ástæða til að endurtaka athugasemdir sem sambandið setti fram í umsögn um þingsályktunartillögu um framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum 2016-2019:

„Sveitarfélög hafa hliðstæðar lagaskyldur og ríkisstofnanir samkvæmt jafnréttislögum. Sveitarstjórnir eiga skv. 12. gr. jafnréttislaga að skipa jafnréttisnefndir sem eiga að vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórnir og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu kynjanna innan viðkomandi sveitarfélags. Þær eiga m.a. að hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlana til fjögurra ára, þar sem m.a. komi fram hvernig unnið skuli að kynjasamþættingu á öllum sviðum, ásamt framkvæmdaáætlun um hvernig leiðréttá skuli mismun á stöðu kvenna og karla innan

sveitarfélagsins. Það er þörf á auknum stuðningi og hvatningu til sveitarfélaga til að þau geti fullnægt viðtækum lagaskyldum sínum til kynjasambættingar og annarra aðgerða til að stuðla að jafnri stöðu kynjanna. Styrkveitingar til sambættingaverkefna væru mikilvæg hvatning til að efla sveitarfélög til dásá á þessu sviði. Fyrirmynd má sækja til þróunarsjóðs um innflytjendamál sem hefur verið mikilvæg hvatning til þróunarverkefna hvað varðar þjónustu við innflytjendur.“

B. Vinnumarkaður – Launajafnrétti kynja

Sveitarfélögin eru í heild stærsti vinnuveitandi landsins. Mjög mikilvægt er að tillögur um aukið jafnrétti á vinnumarkaði, þ. á m. tillögur um frekari þróun jafnlaunastaðalsins, sbr. 8. lið þessa kafla, séu unnar í náinni samvinnu við sveitarfélög og aðra þá aðila sem höfðu aðkomu að þróun hans í upphafi. Sambandið leggur mikla áherslu á að aðgerðarhópur um launajafnrétti verði endurskipaður til að ljúka þeim verkefnum sem hann vann að en einnig til að vera almennt til ráðgjafar og samráðs um mál sem tengjast jöfnun launa milli karla og kvenna. Meðal verkefna sem mikilvægt er að hópurinn vinni að er yfirstandandi endurskoðun á jafnlaunastaðlinum. Ganga þarf úrskugga um að innleiðing staðalsins sé samræmd útfrá sömu viðmiðum óháð atvinnugreinum eða geirum atvinnulífsins. Enn fremur þarf að skoða viðmið til vottunaraðila og eftirlit með ferli jafnlaunavottunar til að tryggja samanburðarhæfa framkvæmd. Sambandið telur jákvætt að í d-lið er lagt til að þróaður verði hugbúnaður fyrir starfaflokkun og launagreiningar sem auðveldi fyrirtækjum og stofnunum innleiðingu jafnlaunakerfa en leggur áherslu á að samhliða þarf greina hvaða starfaflokkun stenst skoðun til að fá aðgengi að slíku kerfi. Í því sambandi er mikilvægt fyrir sveitarfélögin að fá viðurkenningu á því að starfsmat þeirra uppfylli kröfur um starfaflokkun og launagreiningar og sé því fullnægjandi og tilbúið kerfi til að byggja jafnlaunavottun sveitarfélaga á.

Samkvæmt 11. lið kaflans skal unnið að því að samanlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs verði lengdur úr níu mánuðum í tólf mánuði í tveimur áföngum á tímabilinu 2020-2021. Fram kemur að markmiðið sé meðal annars að brúa bilið sem myndast þegar foreldrar hafa fullnýtt fæðingarorlofsrétt sinn og þangað til barn fær dvöl á leikskóla og þar með tryggja báðum foreldrum möguleika á að annast barn sitt án þess að það hafi í för með sér verulega röskun á atvinnuþátttöku hvors um sig, auk jafnvægis milli atvinnuþátttöku og fjölskyldulífs.

Framangreind tillaga er í samræmi við stefnumörkun Sambandsins en þar segir í lið 3.2.17., „Sambandið beiti sér fyrir því að fæðingarorlof verði lengt í 12 mánuði án þess að það leiði til skerðingar á greiðslum til foreldra. Teknar verði upp viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.“

Orðalag í áætluninni gefur í skyn að dvöl á leikskóla sé tryggð þegar barn nær 12 mánaða aldri en í flestum tilfellum er ekki svo. Með hliðsjón að stefnumörkun sambandsins er óskað eftir því að bætt sé við framkvæmdaáætlunina undir þessum lið áformum um viðræður milli ríkis og sveitarfélaga um fjármögnun leikskóladvalar að fæðingarorlofi loknu.

C. Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi

Í 13. lið er fjallað um framkvæmd Istanbúl-samningsins og að unnin verði stefnumarkandi landsáætlun um framfylgd samnings Evrópuráðs um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi (Istanbúl-samningsins) frá 2011. Fram kemur að landsáætlunin skuli unnin í samráði og samvinnu við meðal annars sveitarfélög. Í stefnumörkun sambandsins, lið 3.3.3, er fjallað um baráttu gegn heimilisofbeldi en þar segir „Sambandið styðji við að sveitarfélög geti tekið upp nýtt verklag í heimilisofbeldismálum í samræmi við tilmæli Ríkislögreglustjóra. Sveitarfélögum verði tryggðar bjargir til innleiðingar fyrrgreinds verklags.“ Sambandið styður fyrirhugað samráð og samvinnu um gerð landsáætlunar en ítrekar mikilvægi þess að áætlunin verði fjármögnuð og að sveitarfélögum sem og öðrum aðilum séu tryggðar bjargir til að innleiða verklag um forvarnir og baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi.

D. Jafnrétti, menntun og menning, íþrótt- og æskulýðsstarf

15. Jafnrétti í skólastarfi

15.1 Karlar og kennsla.

Sambandið tekur heils hugar undir mikilvægi þess að unnið verði að fjölgun í kennarastétt, með áherslu á fleiri karlmenn, og hefur tekið þátt í beinum aðgerðum til að svo megi verða. Nýverið lauk átaksverkefninu *Karlar í yngri barna kennslu*, samstarfsverkefni sambandsins, háskólanna, kennarasambandsins og fleiri og hefur það leitt til fjölgunar umsókna karla miðað við fyrri ár. Það er hins vegar fráleitt að halda því fram í inngangi þessa liðar að hækkandi meðalaldur kennara og brotthvarf úr kennarastétt leiði til þess að nemendur fái ekki nám við hæfi. Það er stór og órökstudd fullyrðing sem sambandið gerir alvarlega athugasemd við. Aðgerðir til að stuðla að þeim markmiðum sem nefnd eru í liðum a-d eru flestar þegar komnar í framkvæmdafarveg í aðgerðaáætlun menntamálaráðherra í tengslum við aukna nýliðun í kennarastétt¹.

Skýra þarf betur hvaða aðgerðir eiga að felast í B-liðnum: „Viðurkenning á störfum kennara verði aukin“.

Tekið er undir mikilvægi þess að auka gæði og samhæfingu starfsþróunar kennara, sbr. d-lið. Samstarfsráð um starfsþróun og símenntun hefur unnið að því á liðnum árum. Síðari hluti d-liðarins „...að bæta starfsumhverfi kennara til frambúðar.“ er hins vegar of opin og óljós. Með þessu orðalagi er áætlunin komin inn á úrlausnarefni sem tekist er á um í kjarasamningum.

Sambandið gerir einnig athugasemd við kostnaðaráætlun þessa liðar þar sem segir: „Innan ramma fjárveitingar samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.“


Búið er að kostnaðarmeta tillögur þær sem fyrr voru nefndar og eru á forræði mennta- og menningarmálaráðherra og þær fjárhæðir rúmast alls ekki innan fjárheimilda samstarfsráðs um starfsþróun, hvað þá enn frekari aðgerðir á grundvelli áætlunarinnar. Þá er rétt að vekja athygli á að skv. 7. gr. laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda, sem munu taka gildi um

¹ <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/adgerdir-i-menntamalum/fjolgum-kennurum-adgerdir-i-menntamalum/>

næstu áramót, verður samstarfsráðið lagt niður og nýtt ráð, kennararáð, mun aðeins fá hluta af verkefnum þess til sín. Það gengur því ekki upp að setja fram tillögu þess efnis að kostnaður rúmist innan þröngra fjárheimilda samstarfsráðs sem brátt mun heyra sögunni til.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Karl Björnsson', written over a horizontal line.

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri